

um athugun á framkvæmd skoðanakannana.

Flm.: Ólafur Björnsson.

Alþingi ályktar, að kosin skuli 5 manna nefnd að viðhafðri hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi, er framkvæmi athugun á því, hvornig skoðanakannanir verði bezt framkvæmdar með tilliti til þess, að niðurstaða þeirra leiði í ljós sem bezt má verða vilja þess hóps, er skoðanakönnunin tekur til. Skal hlutverk nefndarinnar vera tvíþætt. Í fyrsta lagi að gefa út leiðbeiningar um það, hvaða grundvallarreglum beri að fylgja við framkvæmd skoðanakannana, þannig að þær gefi sem réttasta mynd af því, hvaða skoðun sé ríkjandi meðal þess hóps, er könnunin nær til. Í öðru lagi skal nefndin athuga, hvort grundvöllur mundi vera fyrir því, að komið yrði á fót stofnun, er gegndi því hlutverki að framkvæma skoðanakannanir á hlutlausan hátt, annaðhvort að eigin frumkvæði eða fyrir aðra, er til stofnunarinnar kynnu að leita, og með hverjum hætti eðlilegt væri, að hið opinbera stuðlaði að því að koma henni á fót.

#### Greinargerð.

Áhugi á skoðanakönnunum virðist hafa verið vaxandi hér á landi undanfarin ár og töluvert kveðið að því, að slíkar kannanir hafi verið framkvæmdar, bæði á vegum einstakra blaða og tímarita svo og félagasamtaka. Ber það auðvitað sízt að lasta, að þannig sé leitast við að kynna sér á þrengri eða breiðari grundvelli, hverjar séu skoðanir almennings á því, hvornig ákveðnum málefnum skuli ráðið til lykta, svo að í samræmi sé við vilja meiri hluta þeirra, er ákvarðanir þessar snerta. En mörg vandamál koma fram í sambandi við framkvæmd slíkra skoðanakannana, ef til þess er ætlast, að þær gefi sem réttasta mynd af vilja þess hóps, sem þeim er ætlað að ná til. Þessari hlið málsins virðist til þessa hafa verið lítill gaumur gefinn, og hygg ég það ekki ofmælt, að undantekning sé, ef skoðanakannanir eru framkvæmdar þannig, að virtar séu þær reglur, sem hlýða þykir að fylgt sé, ef mark eigi að vera takandi á niðurstöðum þeirra í þeim skilningi, að slíkar niðurstöður túlki vilja meiri hlutans. Mun þetta þó í miklu fleiri tilvikum stafa af ókunnugleika hjá þeim, sem að skoðanakönnunum standa, heldur en vilja á því að misnota þær.

Erlendis hefur það um alllangt skeið verið sérstakt visindalegt rannsóknar-efni, hvornig skoðanakannanir megi framkvæma þannig, að niðurstöður þeirra gefi sem réttasta mynd af viðhorfum þess hóps, er þær ná til, og hefur þar, sem kunnugt er, verið komið á fót sérstökum stofnunum, er slíkum viðfangsefnum sinna.

Ég lít svo á, að skoðanakannanir geti átt mikilvægu hlutverki að gegna hér á landi sem annars staðar. En til þess að svo megi verða, þarf framkvæmd þeirra að

vera í samræmi við almennt viðurkenndar reglur í þessum efnum, annars er hætta á grófri misnotkun þeirra, sem fyrr eða síðar leiðir til þess, að ekkert mark verður á þeim tekið. Allir þeir flokkar, sem fulltrúa eiga á Alþingi, tjá sig fylgjandi lýðræðislegum stjórnarháttum, og lít ég því svo á, að Alþingi eigi forustuhlutverki að gegna í þessu efni.

Ekki er svo að skilja, að ég telji rétt, að Alþingi gefi út fyrirskipanir um það af neinu tagi til blaða, tímarita, félagasamtaka eða annarra aðila, sem skoðanakannanir vilja framkvæma, á hvern hátt þeim skuli haga. Hlutverk nefndar þeirrar, er hér er lagt til að skipuð verði, yrði einvörðungu það að hrinda af stað leiðbeininga- og upplýsingastarfsemi, sem hverjum þeirra aðila, er óskar að framkvæma skoðanakannanir, væri frjálst að nota sér eða nota sér ekki.

Sem sýnishorn af þeim viðfangsefnum, sem ég teldi eðlilegt, að nefndin fjallaði um, má í fyrsta lagi nefna það að gefa leiðbeiningar um grundvallarreglur, sem fylgja ber við framkvæmd skoðanakannana. Má þar nefna eftirfarandi: 1) Spurningar þær, sem beint er til þátttakenda í skoðanakönnuninni, séu hlutlaust orðaðar, þannig að í þeim felist ekki dulbúinn áróður í þágu ákveðinnar niðurstöðu. 2) Ef ekki þykir framkvæmanlegt eða æskilegt, að könnunin nái til allra einstaklinga í hópnum, þá sé það úrtak, sem valið er, nægilega stórt og að öðru leyti þannig valið, að ætla megi, að sú niðurstaða, sem þannig fæst, gefi rétta mynd af skoðunum alls hópsins. 3) Reynt sé að torvelda sem mest og helst fyrirbyggja, að baktjalda-áróður í þágu ákveðinnar niðurstöðu verði hafður í frammi. Ef slíkt á sér stað, er hætt við, að niðurstaðan gefi ekki rétta mynd af hinni raunverulegu skoðun meiri hlutans, auk þess sem aðstaðan til slíks áróðurs er venjulega ójöfn, og getur niðurstaðan jafnvel oltið á því, hverjir geti lagt mesta fjármuni af mörkum, til slíkrar áróðursstarfsemi.

Þá er það og sérstakt vandamál í sambandi við framkvæmd skoðanakannana, hvernig fá megi niðurstöðu, er hægt sé að túlka sem vilja meiri hlutans, ef um fleiri kosti en tvo er að velja eða raða á niður fleiri valkostum. Lausnin er einföld, ef um aðeins tvo kosti er að velja, eða þótt um fleiri kosti sé að velja, ef hægt er að þrengja valið svo, að aðeins sé að lokum valið um tvo kosti, eins og t. d. þegar kjósa á mann í tiltekna trúnaðarstöðu, svo sem til formennsku í félagsamtökum. Þetta verður flóknara, þegar margir kostir koma til greina, t. d. fleiri en tvær leiðir til lausnar tiltekins vandamáls, eða ef kjósa á í einu marga menn í stjórn félagasamtaka. Hafa þungvæg rök verið borin fram fyrir því, að í slíkum tilvikum sé ekki hægt að komast að neinni niðurstöðu, er túlkuð verði sem vilji meiri hlutans. En þetta er eitt þeirra viðfangsefna, sem ræða þarf málefnalega og kryfja til mergjar, ef setja á skynsamlegar reglur um framkvæmd skoðanakannana.